

# Richard Wagner félagið á Íslandi

- Richard Wagner Verband Island -

Vesturgata 36B - 101 Reykjavík - sími/fax: 5517292

10. september 1999

Ágætu félagar.

Vetrarstarf félagsins hefst 9. október með haustfagnaði á Hótel Holti. Af því tilefni mun Stephan Jörís leikstjóri og aðstoðarmaður Wolfgangs Wagner í Bayreuth koma í heimsókn og fjalla í máli og myndum um störf Wolfgangs Wagner í Bayreuth á liðnum áratugum sem leikhússtjóri, leikstjóri og leikmyndahönnuður. Fyrirlesturinn, sem verður á ensku hefst kl. 18 á undan veislunni í Þingholti, og mun standa yfir um það bil klukkutíma. Að fyrirlestrinum loknum verður stutt hlé og barinn opinn í hinum glæsilega forsal Þingholts áður en borðhald hefst. Þríréttuð máltíð verður í boði á kr. 3.800. Að venju kemur söngvari í heimsókn og ræðuhöld verða undir borðhaldi. Dagsskráin verður kynnt nánar í lok mánaðarins en vegna þess hve salurinn í Þingholti er lítill er fólki ráðlagt að tilkynna þátttöku sem fyrst til stjórnarmeðlima.

## Miðar á Bayreuthhátíðina árið 2000

Vonast er til að framhald verði á Bayreuthferðum á vegum félagsins, en þangað fóru nú í sumar um 20 Íslendingar. Auk þess styrkti félagið för eins listamanns í nafni félagsins og var það bassasöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson, sem starfar við óperuhús í Austurríki og Þýskalandi við vaxandi orðstír. Hann söng m.a. hlutverk Veit Pogners í Meistarasöngvurunum Volksoper í Vín fyrr á árinu.

Við viljum nú kanna fyrirfram hverjir hafa áhuga á Bayreuthferð árið 2000, þannig að hafa megi hliðsjón af við pöntun miða. Miðapöntun þarf að gerast nú í haust og greiðsla miða að fara fram um áramót. Miðaverð er frá ca 50 - 350 DM á sýningu. Þeir sem áhuga hafa á sýningum í Bayreuth næsta sumar eru beðnir um að fylla út svarseðilinn hér fyrir neðan og senda hann til formanns fyrir 1. október nk.

Bayreuthhátíðin mun standa yfir frá 25. júlí til 28. ágúst. Sýndur verður nýr Niflungahringur í leikstjórn Jürgens Flimm með hljómsveitarstjóranum Giuseppe Sinopoli. Auk þess verða sýndir Meistarasöngvararnir og Parsifal í leikstjórn Wolfgangs Wagner og hin nýja uppfærsla á Lohengrin í leikstjórn Bretans Keith Warner, sem frumsýnd var nú í sumar og vakti mikla athygli.

(Klippað eða ljósritið)

## Bayreuthferð 2000. Ósk um að fá miða.

Sendist Selmu Guðmundsdóttur formanni fyrir 1. okt. (Vesturgata 36B, 101R)

1. Nafn (nöfn), heimilisfang og sími (fax, netfang).....

.....

2. Miðar óskast á eftirfarandi sýningar (setjið númer 1-4 eftir forgangs röð ykkar):  
Niflungahringurinn....., Meistarasöngvararnir....., Parsifal....., Lohengrin.....

3. Getur viðkomandi sótt sýningar hvenær sem er á tímabilinu 25/7 til 28/8.

.....

Æskilegt miðaverð:.....

Annað:.....